

Ed.

900. Frumvarp til iðnaðarlaga.

[38. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 39 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuíðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptaþekkingu svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.